Kælitækni
RAUDAGERDI 25 - 108 REYKJAVIK, ICELAND
TEL: +354 440 1800 - FAX: +354 440 1801
E-mail: cooltech@cooltech.is
Web: www.cooltech.is

Viðbótarábyrgðarskilmálar við NL-01 og ORGALIME

1. Kælitækni ehf. tekur aðeins ábyrgð á heildarkerfi þegar uppsetning kerfis hefur verið framkvæmd og/eða undir eftirliti aðila frá Kælitækni ehf. eða annarra sem Kælitækni ehf. hefur samþykkt skriflega.

2. Kælitækni ehf. samþykkir að laga alla galla sem orsakast af rangri hönnun, framleiðslu eða gölluðu efni þegar eftirfarandi aðstæður eru til staðar.

3. Kælitækni ehf. tekur ábyrgð á göllum sem kunna að koma upp innan 12 mánuða frá verklokum og gangsetningu í samræmi við verksamning en þó aldrei lengur en 18 mánuði frá afhendingardegi íhluta frá verksmiðju.

4. Viðgerð eða útskipting á íhlutum framlengir ekki ábyrgðartímann sjálfan á heildarkerfi.

5. Allar tilkynningar um galla og/eða bilanir á ábyrgðartímanum skulu berast Kælitækni ehf. skriflega. Sérhver íhlutur sem skipta þarf út eða laga skal samþykkjast af Kælitækni ehf. Ef ekki um annað samið, þá skal kaupandi bera flutningskostnað á nýjum íhlutum.

6. Í þeim tilvikum sem sérfræðiþekkingar er krafist og kaupandi óskar eftir því, mun Kælitækni ehf. útvega sérfræðing til aðstoðar við að gera við og/eða skipta út gölluðum hlutum. Í þeim tilvikum skal kaupandi kosta viðbótarmannskap, gerist þess þörf.
Ef ekki er þörf á sérfræðiþekkingu, kostar kaupandi vinnu við að skipta út gölluðum hlutum enda hafi seljandi afhent nýjan hlut í staðinn fyrir þann gallaða.
Ferðakostnaður, uppihald og fæði fyrir sérfræðing er ávallt á kostnað kaupanda.

7. Kælitækni ehf. er aldrei ábyrgt fyrir tapi á rekstrartengdum þáttum svo sem kælimiðli, smurolíu eða öðrum miðlum sem tengjast kunna ábyrgðarverkum.

8. Kælitækni ehf. er aðeins ábyrgt fyrir göllum og bilunum sem koma í ljós í kerfi sem er keyrt skv. aðstæðum sem lýst er í verksamningi og fylgigögnum hans. Ábyrgðin nær aldrei til þátta sem rekja má til rangrar keyrslu og/eða rangs viðhalds, rangrar uppsetningar og/eða breytinga á kerfi og/eða búnaði sem ekki hefur verið samþykkt af Kælitækni ehf., né heldur þess sem skilgreina má sem eðlilegt slit.

9. Þegar ábyrgðartíma er lokið, ber Kælitækni ehf. ekki lengur ábyrgð á kerfi eða íhlutum þess nema annað sé kveðið á í verksamningi.

10. Kælitækni ehf. ber aldrei ábyrgð á skemmdum á öðrum eignum kaupandans eða þriðja aðila þegar kerfið er í rekstri kaupandans. Kælitækni ehf. ber heldur ekki ábyrgð á skemmdum á framleiðslu kaupanda eða annarri framleiðslu sem kaupandi framleiðir að hluta eða öllu. Þetta ákvæði gildir einnig á prófunartíma en kaupandi skal tryggja nauðsynlegt hráefni til prófunar og stillingar á búnaði.

11. Kælitækni ehf. ber aldrei ábyrgð á hverskonar tapi sem gallaður eða skemmdur íhlutur eða kerfi kann að orsaka, svo sem framleiðslutap, framlegðartap eða annað beint eða óbeint tap.